



Þessa dagana er mörgum hugleikið hvað varð um allan peninginn. Íslensku bankarnir tóku verulegar fjárhæðir að láni erlendis og lánuðu áfram til margvíslegra verkefna, sumt hér heima en mikið rann jafnframt til útrásarverkefnanna rómuðu. Nú eru hins vegar uppi miklar efasemdir um hversu mikils virðis eignir bankanna eru og sjálfsagt nokkuð í að það skýrist. En þegar horft er til helstu skuldsettu fjárfestinga útrásarvikinganna kemur ýmislegt athyglisvert í ljós. Svo sem eins og það að innsteymi fjármuna var ekki ósvipað og tjárausturinn úr landi.



Útrásin: Hvað varð um alla peningana?

# Svipað streymi fjármuna inn og út úr

## 22 | Úttek

Útrásin: Hvað va

## Svipað

400 milljarðar kró

350

300

250

200

150

100

50

0

50

0

50

0

Pegar skoðað er hvernig fjármunaflutningum íslenskra athafnamanna inn og út úr landinu var háttað síðastliðin ár kemur á daginn að það var ekki á eina bókina lært hvort víkingarnir voru í útrás eða innrás. Miðað við hrein fjárfestingarverkefni var nánast sama fjárhæð flutt inn í landið eins og út úr því.

ANDRÉS MAGNÚSSON  
andres@vb.is

Íslenska útrásin var lengst af sveipuð dýrðarljóma, þótt hætt sé við að um þessar mundir vilji fleiri formæla henni. Það vafðist hins vegar fyrir mörgum í hverju útrásin fólst og hvernig bæri að skilgreina hana. Sumir bentu á að í henni fælist lítið nema fjármunaflutningar frá landinu til atvinnuuppbyggingar erlendis, sem grundvöllur væri á erlendum lánunum. Að því leyttinu væri lítið á henni að græða fyrir Ísland og Íslendinga, en nú virð-

að í henni fælist lítið nema fjármunaflutningar frá landinu til atvinnuuppbyggingar erlendis, sem grundvöllur væri á erlendum lánunum. Að því leyttinu væri lítið á henni að græða fyrir Ísland og Íslendinga, en nú virð-

ist komið á daginn að það hafi verið helst til varlega orðað. Hún hafi þvert á miðri verið röt þeirrar ógáfu, sem nú blasir við þjóðinni.

### Skilgreining útrásarinnar

Í yfirlitinu hér á síðunni er útrásin skilgreind þringt. Þar eru tiltekin helstu fjárfestingarverkefni Íslenskra athafnamanna síðastliðin ár og hvert peningarnir runnu: inn eða út úr landinu. Þar ræðir um fjóra aðila: Jón Ásgeir Jóhannesson, sem fékk útflutningsverðlaun forseta Íslands fyrir skömmu, Lýð og Ágúst Guðmundssynir oft nefndir Bakkabræður, Karl og Steingrímur Wernerssynir í Milestone og loks feðgarnir, Þjörgólfur, Guðmundsson og Þjörgólfur Thor Þjörgólfsson, en vert er að hafa í huga að í þeim fjárfestingum feðganna, sem hér er getið, er það Þjörgólfur Thor sem þar á mestan hlut.

Sú upptalning er langt í frá tæmandi, því hér er ekki talin með atvinnuuppbygging erlendis eða kaup á erlendum fyrirtækjum, sem tengjast kjarnarekstri innlendra félaga. Þannig vantar

sem þar á mestan hlut. Sú upptalning er langt í frá tæmandi, því hér er ekki talin með atvinnuuppbygging erlendis eða kaup á erlendum fyrirtækjum, sem tengjast kjarnarekstri innlendra félaga. Þannig vantar

í þessar tölur ævintýrlega sókn Avion Group og skyldra félaga á erlendri grúndu, uppbygging Nýhedsavisen og kaupin á Wyndeham-prentsmiðjunni sömuleiðis, eins fjárfestingar Íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja í erlendum útvegs- og fiskvinnslufyrirtækjum, fjárfestingar Marel og Össurar í erlendum fyrirtækjum í sama geira og svo mætti áfram telja. Fjárfestingar af því taginu hafa að miklu leyti verið fjármagnaðar af íslenskum bönkum. Þá er til þess að líta að tölur af þessu tagi tiggja ekki allar á lausu, en samantekt þessi er gerð eftir bestu tiltæku heimildum með fyrirvara. Allar tölur eru miðaðar við punktstöðu í lok október 2008 og eru í milljörðum íslenskra króna. Gengi íslensku krónunnar hefur hins vegar verið á slíku reiki að slíkur útreikningur getur verið ómarkviss. Hér er miðað við að evran kosti 150 krónur.

### Ólíkt hafast þeir að

Það sem sjálfsagt vekur mesta eftirtekt er hversu mjög útrásin skiptist þegar lítið er til helstu viðskiptablokka. Sem sjá má

krónur.

### Ólíkt hafast þeir að

Það sem sjálfsagt vekur mesta eftirtekt er hversu mjög útrásin skiptist þegar lítið er til helstu viðskiptablokka. Sem sjá má


hafa fjárfestingar á vegum útrásarvikinganna Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, Bakkabræðra og Milestone allar verið á erlendri grúndu, en á hinn bóginn væri nær að tala um innrás Þjörgólfsvíkinga. Miðað við þær fjárfestingar, sem hér eru upp taldar, lætur nærri að þeir hafi flutt jafnmikla fjármuni inn í landið eins og hinir báru samanlagt úr landi.

### Jafnt streymi út og inn

Pegar lítið er til fjármunaflutninga þessara sem hlutfalls af landframléðslu kemur á daginn að samanlagt nema lánveitingar íslenskra banka til útrásarverkefna 29,6% af landsframléðslu 2007. Fjármunaflutningar á vegum Þjörgólfsteoga til Íslands, nema hins vegar 29,7% af landsframléðslunni.

Ítrekað skal að hér er vitað skuld ekki allt upp talið, til eða frá, en tölurnar gefa ótvíræða vísbendingu um að Íslendingar hafi engan veginn aðeins tapað á athafnaþrá útrásarvikinganna. Að minnsta kosti ef menn at- huga hvað innrásarvikingarnir voru að aðhafast.

frá, en tölurnar gefa ótvíræða vísbendingu um að Íslendingar hafi engan veginn aðeins tapað á athafnaþrá útrásarvikinganna. Að minnsta kosti ef menn at- huga hvað innrásarvikingarnir voru að aðhafast.



# landinu

Lán frá íslenskum bönkum til útrásarverkefna sem hluti af landsframleiðslu 2007

